

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



16.09.2019

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 96. mál á 150. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (félög undanskilin fjármagnstekjuskatti)*

Með frumvarpi þessu er lagt til að félög sem eingöngu eru rekin til almannaheilla og eru undanskilin tekjuskatti verði einnig undanskilin fjármagnstekjuskatti. Hagsmunasamtök heimilanna falla undir þá skilgreiningu enda eru þau aðeins rekin til almannaheilla en ekki í hagnaðarskyni.

Svo dæmi sé tekið var ársvelta samtakanna á síðustu árum á bilinu 10-15 milljónir króna, samkvæmt ársreikningum sem eru birtir opinberlega. Árið 2018 námu fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld 291.137 krónum en álagður fjármagnstekjuskattur 65.755 krónum. Þó að þetta virðist ekki vera háar fjárhæðir verður að hafa í huga að starfsemin er að mestu fjármögnuð með félagsgjöldum og frjálsum framlögum og byggist að mjög miklu leyti á sjálfbóðaliðastörfum, en launuð störf hjá samtökunum nema samtals einu stöðugildi á ársgrundvelli, sem skiptist á milli tveggja starfsmanna.

Með hliðsjón af framangreindu eru samtökin hlynnt því markmiði að félög sem eingöngu eru rekin til almannaheilla verði undanþegin fjármagnstekjuskatti og styðja því að frumvarpið verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is